

Olweus gegn einelti

Eineltishringurinn og
bekkjarfundir
Upprifjun

Þelamerkurskóli 7. nóv. 2011
2. fundur 2011-2012



Eineltishringurinn

Goðsagnir um einelti

- Einelti er algengara í borgum, í stórum skólum og í fjölmönnum bekkjum...
- Einelti er algengast á leið til og frá skóla...
- Ytri útlitseinkenni er mikilvægur áhrifaþáttur...
- Einelti er afleiðing af of miklum samkeppnisanda í skólanum...

Samkvæmt rannsóknum Olweus er þetta ekki rétt!

Ingileif Ástvaldsdóttir


Mögulegar ástæður fyrir einelti

- Margir gerendur hafa sterka þörf fyrir að ráðskast með aðra og stjórna, þeir vilja hafa tögl og hagldir og kúga aðra
- Gerendur hafa jafnvel mótað með sér óvinveitta grundvallarafstöðu til umhverfisins (andfélagslegt viðhorf)
- Gerendur geta haft efnislegan og andlegan “hagnað” af atferlinu

Einelti er oftast hópfyrirbæri

- Félagslegt smit
- Eðlilegir þröskuldar gegn árásarhneigðu atferli veikjast fá eineltið að grassera
- Tilfinning hvers og eins fyrir ábyrgð sinni innan hópsins minnkar
- Breytingar verða smá saman á því hvernig litið er á fórnarlamb eineltis

Eineltishringurinn



Eineltishringurinn „lifandi“ plagg

- Veggspjöld hanga víða um skólann
 - Hætta á að við hættum að taka eftir þeim og merking þeirra daprast fyrir okkur
- Mikilvægt að taka það fram a.m.k. einu sinni á ári (reglulega) og fara yfir merkingu þess og að stefna okkar sé að allir verði “græni kallinn”.



Bekkjarfundir

Kennsluaðferð

- Bekkjarfundir eru kennsluaðferð.
- Til að bekkur og kennari geti tileinkað sér aðferðina þarf að æfa hana.
- Munur á því hvort bekkjarfundir eru notaðir til fræðslu eða til úrlausna/meðferðar.
- Það sem á að verða gott, á að endast og bera árangur – þarf fyrst og fremst tíma.

Mismunandi tegundir bekkjarfunda

- Opnir umræðufundir
- Skipulagsfundir um kennsluefni og kennsluaðferðir
- Fundir um gildismat
- Fundir sem leysa vanda – skrefin að lausninni

Aðstæður bekkjarfunda

- Ef yfirlýst stefna skóla – þá á stundatöflu
- Með umsjónarkennara – stjórnandi
 - Ekki vanmeta undirbúning fyrir fundina
- Í heimastofu
 - Aðgæta að ekkert geti truflað fundinn
- Hópurinn situr í hring
- Ákveðnar reglur gilda á fundunum

Opnir umræðufundir

- Hægt að taka ýmis mál til umfjöllunar
- Tillögur að efni geta komið frá:
 - Nemendum (t.d. kassi í stofu)
 - Kennara
 - Utanaðkomandi. Þjóða þá e.t.v. einhverjum að taka þátt sem veit mikið um málefnið sem er til umræðu.

Skipulagsfundir um kennsluefni og kennsluaðferðir

- Tilgangurinn að gera nemendur meðábyrga í kennslustundum.
 - Hvetja til ábyrgðar nemenda á eigin námi.
 - Ýta undir sjálfstæði og frumkvæði nemenda.
- Ef nemendur finna að þeir geta haft áhrif á námsaðstæður sínar er auðveldara að vekja áhuga þeirra og gera þá ábyrgari fyrir eigin námi en ella.
- Á einna helst við hjá eldri nemendum sem eru vanir bekkjarfundaforminu.

Fundir um gildismat

- Kveikjur að umræðuefni:
 - Fjölmiðlum
 - Dægurmálaumræðunni
 - „Við elskum þessar mellur“
 - Efst á baugi hjá nemendum
 - Dagleg samskipti nemenda
 - Fundir um einelti
 - Tilbúið efni til kennslu í lífsleikni



Fundir um einelti - fundaefni

- Hvað er einelti?
- Eineltishringurinn kynntur nemendum
 - Hlutverkin í hringnum rædd sérstaklega
 - Gera hringinn „virkan“ í bekknum
 - Einnig efni á foreldrafund
- Reglur gegn einelti kynntar nemendum
 - Umræður um gildi þeirra fyrir bekkinn og skólann
- Umræður um samskipti nemenda
 - Nálgast efnið með jákvæðum spurningum – án ásakana

Fundir um einelti – fundaefni

- Af hverju þarf að vinna gegn einelti?
 - Hvað getum við gert?
- Myndbönd eða bækur og frásagnir af einelti
 - Nota til þess að kveikja almennar umræður um birtingarform eineltis
- Hvar eru mörkin milli eineltis og stríðni?
 - Hvar eru mörkin milli gamnislags og eineltis?
- Er munur á því hvernig stúlkur og drengir leggja í einelti?
 - Nota fræðsluefni funda fullorðna fólksins


Fundir um einelti – fundaefni

- Frímínútur
 - Hvernig stendur fullorðna fólkið sig?
 - Hvernig er aðstaðan, úti og inni?
- Hlutverkaleikirnir og umræður
- Hvað geta foreldrar gert til að koma í veg fyrir einelti?
- Fleiri uppástungur?

Fundir sem leysa vanda eða ágreining - skrefin 5

- Meginreglur stjórnenda þær sömu og venjulega en við bætist:

Ferlið að lausninni



Liður 1 til 3 eiga sér stað á bekkjafundi strax eftir ágreining.


Liður 4 í eins langan tíma og ágreiningsaðilar koma sér saman um og liður 5 þegar sá tími er liðinn.

Hver er vandinn?

Hlutlaus staðhæfing



Bekkjarfundir - grasrótin í skólasamfélaginu



Næstu skref

1. Könnunin lögð fyrir nemendur í lok nóvember
 - Halda einn bekkjarfund um skilgreiningu á einelti
2. 3. fundur: Í upphafi vorannar förum við yfir niðurstöður könnunarinnar
3. 4. fundur: Fyrir páskaleyfi: Hvernig gengur?
4. 5. fundur: í lok skólaárs: Hvernig miðaði í vetur og áherslur næsta vetrar.

Fleira sem þið viljið ræða?